



Samráðshópur málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi

Fundargerð.

8. fundur samráðshóps málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, mánudaginn 16. jan. 25 kl. 12.30 e.h.

Fundinn sátu:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir

Þorkell Gunnarsson

Kristín Karólína Karlsdóttir

Fjarverandi var: Sigríður Birna Guðjónsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson

1. Mál. – 7. Fundargerð yfirfarin

Fundargerð seinasta fundar yfirfarin og samþykkt án athugasemda

2. Mál. - Sæluferð 2025

Heilsu- og Tófstundar fulltrúi lagði fram kostnaðar tillögur við sæluferðina, þar sem tekið var mið af gistingu, mat og afþreyingu. Bent var á að styrkur sveitarfélagsins nær ekki að standa undir heildarkostnaði ferðarinnar. Umræður fóru fram um möguleika á birtingu skráningar í ferðina.

Bókun:

Samráðshópurinn samþykkir að leggja til flatan styrk frá sveitarfélaginu sem niðurgreiðir hluta ferðarinnar og samþykkir að leggja fram drög að ferðaráætlun til 67 ára eldri að greiðsla megi ekki fara yfir þrjátíu þúsund krónur úr eigin vasa. Kynnt verður sæluferðina eftir nokkra daga eftir stofnfund 60+

3. Mál – Stofnfundur 60+

Umræða tekin um mætingu og mögulega einstaklinga sem gæti setið í stjórn. Ákveðið var að henda áminningu til að hvetja til mætingar.

Ekki fleira var rætt á fundi og honum slitið kl 14:00 e.h.